

Hljómborð: Að nota sjálfvirkt undirspil (skemmtara)

Þú getur stillt hljómborð þannig að það býr til undirspil sem þú síðan stjórnar með því að spila á **lyklana lengst til vinstri**.

Hver lykill merkir einn **hljóm** sem nefndur er með ákveðinn **bókstaf**. Þú getur merkt lyklana með bókstöfunum og/eða litum:



Þú stjórnar undirspilinu með því að **ýta á einn lykil í einu** eftir hljómablaði.

Það er misjafnt eftir hljómborðum hvernig á **að stilla á sjálfvirkt undirspil** (skemmtara). Hér á eftir eru tvö dæmi:



1. Kveiktu á hljómborðið.

2. Ýttu á „DJ“.

3. Ýttu á „Style“.

4. Veldu takt með því að stimpla inn númer (sjá taktheiti á listanum fyrir ofan).

5. Ýttu á „Start/Stop“.

Nú getur þú stjórnað undirspilinu eftir hljómunum á hljómablaði.

6. Þegar lagið er búið getur þú látið hljómborðið búa til flottan endi með því að ýta á „Ending“.



1. Kveiktu á hljómborðið með því að stilla á „Chord On“.
2. Ýttu á „Beat bank“.
3. Veldu takt með því að stimpla inn númer (sjá taktheiti á listanum fyrir ofan).
4. Ýttu á „Start/Stop“.

Nú getur þú stjórnað undirspilinu eftir hlómunum á hljómablaði.

5. Þegar lagið er búið getur þú látið hljómborðið búa til flottan endi með því að ýta á „Ending“.